

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Hafdís Gunnarsdóttir
Dags. 9. desember 2021
Mnr. 2021120044



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað – ráðstafanir vegna Covid-19 lokana á skíðasvæði 2021

Sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs barst tölvupóstur þann 29. september 2021 frá árskortshafa á skíðasvæðinu á Ísafirði sem vildi benda á nýlegan úrskurð kærunefndar vöru- og þjónustukaupa, þar sem skíðasvæði Bláfjalla var gert að bæta lyftukort vegna COVID-19 lokana. Jafnframt óskaði viðskiptavinurinn eftir svörum frá Ísafjarðarbæ um hvort komið yrði til móts við árskortshafa á skíðasvæðinu á Ísafirði vegna þeirra daga sem skíðasvæðið á Ísafirði var lokað veturinn 2020 vegna COVID-19, en um var að ræða dagana 20. mars til 1. maí 2020.

Hafði árskortshafinn sent til skóla- og tómstundasviðs sambærilega fyrirspurn haustið 2020 og fékk þá þau svör að árskort yrðu hvorki endurgreidd né framlengd. Ástæðurnar sem voru gefnar voru nokkrar. Í fyrsta lagi var bent á að skíðasvæðið í Tungudal hafi verið lokað tímabundið vegna fyrirmæla frá ríkisvaldinu vegna COVID-19. Í öðru lagi að árskortið gildi á bæði skíðasvæðin, í Tungudal og Seljalandsdal, enda séu svæðin samrekin. Á meðan skíðasvæðið í Tungudal var lokað gátu árskortshafar notað skíðagöngusvæðið í Seljalandsdal. Í þriðja lagi var nefnt að skíðasvæðið í Tungudal hafi þó verið opið í 54 daga veturinn 2020 þegar meðal opnun hafi verið 68 dagar undanfarin ár.

Úrskurðurinn sem árskortshafinn bendir á er kveðinn upp af kærunefnd vöru- og þjónustukaupa þann 9. september 2021 er í máli nr. 8/2021.

[file:///C:/Users/bryndis/Downloads/2500_Urskurdurimalinr.8-2021%20\(1\).pdf](file:///C:/Users/bryndis/Downloads/2500_Urskurdurimalinr.8-2021%20(1).pdf)

Úrskurðarorð hans eru þessi:

„Varnaraðila, Y, ber að afhenda sóknaraðila, X, þrjú skíðakort til notkunar, sem gilda frá 20. mars árið 2022 til 1. maí sama ár. Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa. Varnaraðila ber að greiða gjald vegna kostnaðar nefndarinnar af meðferð málsins að fjárhæð 15.000 krónur, sbr. 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.“

Forsendur eru að mörgu leiti sambærilegar, þ.e. lokunardagar vegna Covid-19 fyrirmæla frá ríkinu voru þeir sömu og var í rökstuðningi ekki horft til þess að viðskiptavinurinn skyldi bera hallann af þeim fyrirmælum. Þá var ekki heldur horft til rökstuðnings um það hve marga daga hefði verið opið árið 2020, samanborið við fyrri ár. Eini grundvallarmunurinn er sá að í Bláfjöllum er annars vegar keypt árskort á lyftusvæði og hins vegar á gönguskiðasvæði, en á skíðasvæðinu á Ísafirði gildir árskort (vetrarkort) fyrir bæði svæði, óháð notkun.

Með vísan til ofangreinds úrskurðar má telja að ekki verði fallist á fyrrgreind rök fyrrum sviðsstjóra varðandi Covid-19 lokunarfyrirmæli ríkisvaldsins eða fjölda opnunardaga. Óvíst er hver niðurstaða málsins yrði fyrir úrskurðarnefnd, færi málið þangað, vegna þeirra raka að árskortíð gildi fyrir bæði svæði, og að annað svæði hafi verið opið allan veturinn. Horfa verður til þess að þegar viðskiptavinur á Ísafirði kaupir árskort hafi hann áætlað að nýta það til skíðaiðkunar á ýmist bæði eða annað svæði, en hafi ekki getað nýtt sér það að fullu eða öllu á þessum tíma. Með hliðsjón af stöðu beggja aðila er spurning hvort viðskiptavinurinn skuli bera halla af þessari takmörkun eða sveitarfélagið.

Niðurstaða úrskurðarins er, eins og áður sagði, að skíðasvæðinu bar að afhenda viðskiptavininum lyftukort til notkunar á árinu 2022, vegna sömu daga og lokað var á árinu 2020, þ.e. frá 20. mars til 1. maí.

Með hliðsjón af fyrrgreindu verður að telja að annað hvort skuli fylgja úrskurðinum og afhenda viðskiptavininum (og öðrum) lyftukort til notkunar frá 20. mars 2022 til 1. maí 2022, með þeim skilyrðum að veður hamli ekki opnun eða aðrar ófyrirséðar aðstæður, s.s. Covid-19 lokanir eins og gjaldskrá skíðasvæðisins árið 2022 mælir fyrir um, eða að neita skuli beiðninni þar sem aðstæður eru ekki nákvæmlega þær sömu og í fyrrgreindum úrskurði, og beina viðskiptavininum að óska afstöðu kærunefndar vöru- og þjónustukaupa.

Sviðsstjóri skóla- og tómstundasvið leggur til við bæjarráð að taka afstöðu til málsins.